

SAMÞYKKT

um breytingu á samþykkt um stjórn Reykjavíkurborgar og fundarskóp borgarstjórnar nr. 715/2013.

1. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 10. gr. samþykktarinnar:

- a) 2. tölul. 2. mgr. greinarinnar verður svohljóðandi: Fundargerðir borgarráðs ásamt fundargerðum eftirtalinnna nefnda og ráða; forsætisnefndar, íþróttá- og tómstundaráðs, mannréttindaráðs, menningar- og ferðamálaráðs, skóla- og frístundaráðs, stjórnkerfis- og lýðræðisráðs, umhverfis- og skipulagsráðs og velferðarráðs.
- b) 3. mgr. greinarinnar verður svohljóðandi: Borgarfulltrúi sem óskar eftir að fá mál tekið á dagskrá borgarstjórnarfundar skal tilkynna það forsætisnefnd skriflega í síðasta lagi fyrir kl. 11.00 á föstudegi fyrir borgarstjórnarfund.

2. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á B-lið 62. gr. samþykktarinnar:

- a) Við B-lið 62. gr. samþykktarinnar bætist við í upptalningu nýr töluliður, sem verður 5 tölul., svohljóðandi: Sjö menn í stjórnkerfis- og lýðræðisráð og sjö til vara. Formannskjör.
- b) Númer töluliða sem á eftir fara breytast í samræmi við framansagt.

3. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á B-lið 63. gr. samþykktarinnar:

- a) Við B-lið 63. gr. samþykktarinnar bætist við í upptalningu nýr töluliður, sem verður 5. tölul., svohljóðandi: Fimm menn í bílastæðanefnd og fimm til vara. Formannskjör.
- b) Númer töluliða sem á eftir fara breytast í samræmi við framansagt.

4. gr.

Samþykkt þessi sem borgarstjórn Reykjavíkur hefur sett skv. ákvæðum 9. og 18. gr. sveitarstjórnarlaga nr. 138/2011 staðfestist hér með til að öðlast þegar gildi.

Innanríkisráðuneytinu, 4. nóvember 2014.

F. h. innanríkisráðherra,

Hermann Sæmundsson.

Stefanía Traustadóttir.